



Verðbólga mælist 6,7% í mars, ekki hærrí síðan 2010

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,94% milli mánaða í mars og mælist verðbólgan nú 6,7% samanborið við 6,2% í febrúar. Verðbólgan hefur ekki mælist hærrí síðan í maí 2010 þegar hún mældist 7,5%.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 0,82% milli mánaða og mælist verðbólga um 4,6% á þann mælikvarða. Mest áhrif til hækunar milli mánaða höfðu reiknuð húsaleiga (+2,0% milli mánaða, 0,35% áhrif), verð á bensíni og olíum (+8,2% milli mánaða, 0,27% áhrif) og verð á fötum og skóm (+5,3% milli mánaða, 0,19% áhrif).

Svipað og við áttum von á

Hækkunin milli mánaða var örlítið lægri en við áttum von á en þó svipað. Við spáðum 1,0% hækkun milli mánaða og er þetta í fyrsta sinn síðan í nóvember í fyrra sem mælingin er undir spá okkar. Í desember, janúar og febrúar voru verðhækkunir mun meiri en við höfðum spáð.

Af einstaka liðum hækkaði húsnæðisverð meira en við áttum von á. Föt og skór hækkuðu minna og flugfargjöld til útlanda hækkuðu mun minna en við áttum von á. Fljótt á lítið er lítið í þessum tölum sem breytir skoðun okkar á framvindunni næstu mánuði og eigum við enn von á að verðbólga hjaðni hægt næstu mánuði. Áframhald á miklum verðhækkunum á húsnæði gæti þó sett strik í reikninginn.


Breyting á ársverðbólgu aðallega vegna húsnæðis og bensíns

Ársverðbólgan hækkaði um um 0,5 prósentustig milli mánaða. Þessi 0,5 prósentustig skiptast þannig að 0,2 prósentustig eru vegna hækunar á bensíni, 0,2 prósentustig eru vegna hækunar á húsnæðisliðnum og 0,1 prósentustig eru vegna hækkana á innlendum vörum.

Verðbólga



Framlag undirliða





Bensín aðeins einu sinni hækkað jafn mikið milli mánaða

Bensínverð hækkaði um 8,2% milli mánaða sem er áþekk hækkun og sást í apríl 2009, en það er jafnframt mesta hækkun sem hefur sést milli mánaða frá upphafi mælinga.¹ Bensínverð er nú orðið 24,3% herra en það var fyrir ári síðan og má rekja þetta til hækkunar á heimsmarkaðsverði olíu í kjölfar stríðsins í Úkraínu.


Flugfargjöld hækkuðu ekki líkt og við höfðum spáð, en hækkandi olíuverð mun að líkindum verða til þess að flugfargjöld hækki á næstunni þó áhrifin séu ekki komin fram í mælingum Hagstofunnar.

Ekkert lát á hækkun húsnæðisverðs


Húsnæðisliðurinn hækkaði um 1,7% milli mánaða og má það fyrst og fremst rekja til hækkunar íbúðaverðs. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu [hækkaði um 2,5% milli mánaða í febrúar](#) sem var heldur meiri hækkun en mánuðina á undan og meiri hækkun en við áttum von á. Mikil eftirspurnarspena ríkir á íbúðamarkaði um þessar mundir og virðist ekkert lát á hækkunum. Það er ljóst að til þess að koma böndum á verðbólgu er mikilvægt að temja íbúðamarkaðinn.

Næstu fundir peningastefnufndar Seðlabanka Íslands eru á dagskrá 2. og 3. maí og verður stýrivaxtaákvörðun nefndarinnar birt miðvikudaginn 4. maí. Peningastefnufnd mun því hafa eina mælingu til viðbótar til hliðsjónar við vaxtaákvörðunina, en talsverðar líkur eru á vaxtahækkunum um þessar mundir.

Framlag undirliða



Valdir útgjaldaliðir



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

¹ Marsmánuður 1997.